

Ed.

218. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og haft tal af Birni bankastjóra Kristjánssyni um málið. Lýsti hann yfir því, að frumvarp það, sem hjer liggur

fyrir, væri borið fram eftir ósk sinni og að það væri ósk sín og vilji að fara úr bankastjórninni sem fyrst, helst 1. júlí næstkomandi. Liggja atvik svo að, að heilsa hans er í veði ef hann neyðist til að vera lengur við bankann. Sjálfur er hann nú efnalaus, því að þegar hann fór að bankanum, fjekk hann syni sínum í hendur verslun þá, er hann rak áður, og hefir engin önnur atvinnustörf haft með höndum síðan hann fór í bankastjórnina.

Nefndin verður að telja alla sanngirni mæla með því, að þegar maður lætur af jafn-þýðingarmikilli trúnaðarstöðu í almennings þarfir eins og hjer er um að ræða, verði að veita honum hæfilegan lífeyri eða eftirlaun af almannafje. Getur meiri hluti nefndarinnar eftir öllum atvikum fallist á, að upphæð sú, er frv. hljóðar um, sje ekki of há, þegar tekið er tillit til hins mikla verðfalls, sem orðið hefir á peningum. Rjett þykir og nefndinni að binda eftirlaunarjettinn við ákveðið tímatakmark og vill setja 1. júlí næstkomandi, eftir ósk bankastjórans.

Fyrirsögn frv. getur nefndin með engu móti fallist á; þykir hún löng og þunglamaleg.

Nefndin leyfir sjer því að ráða hæstv. deild til þess að samþykkja fyrir-
liggjandi frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Frumvarpsgreinin orðist svo:

Frá 1. júlí 1918 greiðir Landsbanki Íslands Birni Kristjánssyni, banka-
stjóra, 4000 krónur í árleg eftirlaun.

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni.

Alþingi, 25. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
form.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari og ritari.

Magnús Torfason.

Með fyrirvara.